

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Söluskattur er ekki innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 28. desember 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar
almannatrygginga árið 1968.**

Árið 1968 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 4.730.00
b. Karlar	— 4 300.00
c. Konur	— 3 225.00
2. Iðngjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	kr. 40.00
------------------------------	-----------
3. Í janúar 1968 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	kr. 2 500.00
b. Konur	— 1 800.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.